

# Sandkorn 2007

Grunnskólinn í Sandgerði  
22. Mars 2007





# Snillingapistil

Í vetur var boðið upp á valnámskeið í Fjölmíðlun. Í upphafi voru 13-14 skráðir í námskeiðið en eftir því sem leið á veturinn fór nemendum fækkandi. Uppi stóðum við snillingarnir, Andri, Bergur, Eva Dís, Ástrós Eva, Hjördís og Aron. Við höfum gefið út þrjá Sandkassa, Jólblað og nú þetta stórglæsilega Árshátíðarblað. Síðastliðna tvo til þrjá mánuði höfum við unnið hörðum höndum að gerð þessa blaðs og eins og sjá má er það alger SNILLD... Andri og Bergur hittu Heiðu í Unun á Duus kaffihúsi og tóku við hana stutt spjall, Hjördís var í e-mail sambandi við Helga og Brynjar í Ástralíu, Ástrós tók af skarið korteri fyrir prentun og samdi snilldar pistil um Danmerkurferðina, Eva Dís var eins og alvöru business kona með símann í annarri og pikkandi á lyklaborðið (msn) með hinni og Aron ákvað að fá sér frí síðasta daginn til að keppa í fótbolta í höfuðborg norðursins, Akureyri. Þó erum við öll búin að vinna sveitt við gerð þessa blaðs og vonum við að þið hafið gaman af.



ritnefndin

# Fréttir úr Skýjaborg

## Gullna röddin

Gullna Röddin, söngvakeppni Skýjaborgar, var haldin í Samkomuhúsinu í Sandgerði. Þátttaka var góð og keppendur frábærir og reyndust dómurunum erfiðir. Þar bar Elsa Marta sigur af hólmi. Skemmtilegt kvöld í alla staði. Þökkum þátttakendum kærlega fyrir sem og gestum.

## Undankeppni Samfés Vík í Mýrdal 02.02.2007

Já það má með sanni segja að það hafi verið fjör í Vík í Mýrdal, enda alltaf gaman að fara í ferðalag. Hún Elsa Marta tók þátt fyrir okkar hönd og stóð hún sig frábærlega með traustar bakraddir sér til aðstoðar. En því miður komumst við ekki áfram en engu að síður var þetta bara frábært hjá þeim og eiga krakkarnir skilið hrós frá okkur starfsfólkinu fyrir þróðmennsku í ferðinni.

## Samfésfestivalið 02.03.2007

Ampop — Forgotten Lores - Sigurv. Rímnaflæðis, Daníel Alvin — Dr.Spock — Svitabandið og Trabant tróðu upp á stórasviðinu.

Feedback – Loobyloo – Dogma – Xenophobia – Plug'N Play – Fúx Frá – Spooky Jetson – Lost Words – Bob Gillan, Ztrandverðirnir – Spor tróðu upp á litlasviðinu.

Ekki er annað hægt að segja en að það hafi verið brjáláð stuð á Samfés Ballinu. Um 4.300 krakkar víðsvegar af landinu komu til að skemmta sér og var Sprite zero og Haribo nammi frítt fyrir gesti.

## Billiardmót SamFés var haldið 03.03.2007 á billiardbarnum

Fóru bæði strákalið og stelpulið og stóðum við okkur þrýðilega í báðum flokkum.

Alexandra, Ásta Mjöll og Ingunn Sif lentu í 2.sæti og Árni, Birkir og Pétur í 3.sæti. Til hamingju!

## Á næstunni

## Samsuð sundlaugapartý 30.03.2007

Stóra sprengjan verður sundlaugapartýið í Grindavík á vegum Samsuðs.

Þar verður landsþekktur DJ, eldgleypir og margt fleira.

## Para og Vinaball / Lokahóf Skýjaborg 2007

Para og vinaball verður haldið föstudaginn 26. apríl 2007. Dagskrá auglýst síðar. Lokahóf Skýjaborgar verður föstudaginn 11. maí. Dagskrá auglýst síðar.

**Munið krakkar, Skýjaborg stendur og fellur með ykkur!**

**Stuðkveðjur,**

**Starfsfólk Skýjaborgar**



# Danmerkurferð

Við 10. bekkurinn fórum til Danmerkur síðasta vor og var svakalegt stuð hjá okkur. Þessa viku sem við eyddum saman þarna mynduðum við nán tengsl.

Við vöknudum eldsnemma á föstudeginum og fórum uppá flugvöll um hálf sex leytið og chilluðum í fríhöfninni en vélin átti að fara í loftið um sjö til Danmerkur. Við lentum um tíu leytið í Köben og fórum á lestarstöðina og biðum þar ógó lengi en komumst svo loksins í lest. Við lentum svo í Odense og fórum á "vændræðaheimilið" og komum okkur öll fyrir og chilluðum bara með snakk og kók og fórum í háttinn.

Morgunin eftir smurðum við okkur madepakke og röltum út um allt og enduðum á dýragarðinum og þar var svaka stuð. Þar sáum við allskonar skrítn dýr en það var samt best þegar Axel týndist lengi lengi og á endanum þegar hann fannst vorum við búin að missa af strætónum og þurftum að labba ofur langt í gistiheimilið okkar. Mikið var hlegið af þessu á endanum þótt allir voru orðnir pirraðir, svangir og þreyttir ☺.

Á sunnudaginn fórum við í Billund og fórum í Legoland og það var ýkt gaman hjá okkur öllum og fórum í smá tívolí í Legolandi ☺ og enduðum svo að fara í Faaborg og gístum þar á litlu gistiheimili.

Á mánudaginn hittum við Danina sem komu til okkar og þeir fóru með okkur í menningarferð um Faaborg og krakkarnir sýndu okkur fræga staði þar. Við kíktum í smá búðarráp og fórum svo með þeim að skoða bílasafn einhverstaðar og skoða risa höll sem var ógó flott. Síðan fórum við í litla lautaferð og þau grilluðu fyrir okkur gott.

Þriðjudagurinn fór í að við fórum til Köben og fórum á gistiheimilið þar og komum okkur fyrir, röltuðum svo í Fields, sem er risa moll, og versluðum mjög mikið, allavega við stelpurnar ☺. Eftir þennan dag vorum við rosalega þreytt og áttum ekki í erfiðleikum með að sofna.

Miðvikudaginn löbбуðum við niður Strikið. Fórum niður að höfn og fórum í svaka bát og skoðuðum litlu hafmeyjuna. Hún var miklu minni en allir héldu. Síðan löbбуðum við aftur á Strikið og fengum okkur McDonalds í leiðinni. Enduðum svo að fara í þetta svakalega tívolí og það var ótrúlega gaman. Allir muna eftir þegar Axel fór í nálina. Hann hélt að hann myndi deyja greyið strákurinn hehe ☺ Fórum í allskonar skemmtileg tæki og sumir ældu hehee. Svo tókum við taxa þegar við fórum heim sem var næs því við vorum gjörsamlega dauð eftir daginn.

Fimmtudagurinn var okkar seinasti dagur í Danmörku og við fórum á flugvöllinn kl. 11. Röltum smá um fríhöfnina og áttum að mæta korter í eitt því við áttum að fljúga heim korter yfir eitt eeeeeen neiiii... fluginu seinkaði um einn og hálfan tíma. En við vorum ekkert að láta það eyðileggja daginn og vorum bara í góðu chilli og fengum okkur að borða og lentum svo í Keflavík um hálf fimm.

Við viljum öll þakka Þórunni, Rögggu og Katrínu fyrir að þola okkur í þessari æðislegu Danmerkur ferð okkar og úr henni eigum við góðar og skemmtilegar minningar. Við munum aldrei gleyma ykkur.







# Kosningar 2007

Herra Sandgerðisskóli: Hannes Kristinn

Ungfrú Sandgerðisskóli: Kolbrún Sunna

Vinsælasta Manneskjan: Ástvaldur

Hár Ársins: Hjördís Ósk

Augu Ársins: Ásta Mjöll

Egó Ársins: Bergur

Kroppur Ársins: Aron Elís

Kynþokkafyllsta Gellan: Nína

Kynþokkafyllsti Gæjinn: Andri Þór

Íþróttafrík Ársins: Dagmar

Kennarasleikja Ársins: Gauti

Hrakfallabáلكur Ársins: Viktoría

Gáfnaljós Ársins: Alexandra

Ljóska Ársins: Eva Dís

Athyglissjúkasta Manneskjan: Ingunn

Fatafrík Ársins: Ástrós Eva

Frekja Ársins: Ástrós Lind









# Ég man...

Þegar ég kom til ykkar fyrst og þið áttuð að vera versti bekkurinn en voruð sá besti.

... þegar Andri sprengdi hyrnuna

...við fórum til Danmerkur

...þegar Eva missti röddina

...Elva lék í Öskubusku

...Ásta rakaði af sér hárið

...Ástrós Eva, Bryndís og Dagmar fengu gleraugu

...Ástrós Lind setti hendur á mjöðm og ætlaði að stjórna frú Ráðhildi

...Hjördís sagði frá því þegar hún fór að gráta þegar hún mátti ekki vera í bekk með Andra

...þið fermdust og voruð stilltust og ég stolltust

...Kolbrún Sunna slasaðist


...jólaskrautinu ykkar var stolið

...eftir litlu jólunum okkar, alltaf svo ljúf

...eftir leikritinu á árshátíðinni 2006, frábært

Þið hafið verið yndisleg og ég á eftir að sakna ykkar mikið. Þið eruð fyrsti bekkurinn sem eruð 10. PBT (kannski sá síðasti). Ég á alltaf eftir að fylgjast með ykkur.

Kveðja Þórunn







Andri Þór : Kláraðu mig ekki



Anna Malena : Gaman að þessu



Axel Birgir : Sékúúúnda



Ásgeir Þór : Hvað á að gera um helgina ?



Ásta Laufey : Ómægosh





Ástrós Eva : Hvað er að ganga ?



Ástrós Lind : Megum við fara heim ?



Bergur : Alveg eins og mamma þín núna



Birnir Jarl : Ertu eitthvað geðveikur !



Bryndís Jenný : Uss, Bryndís.. ekki tala svona mikið !



Dagmar : Neei er að fara á landsliðsæfingu



Elmar Örn : Ég er góður sko



Elva Kristín : Brostu framán í heiminn og heimurinn  
brosir framán í þig.



Eva Dís : Það er ekkert verið að spara !



Hannes : Ertu eitthvað hinumegin við þig eða ?





Helga Kristína : Neeeeeeeeiiiiiiii djók.



Hjördís Ósk : Gjú-Gjúégjað



Kolbrún Sunna : Æiiiiii þúst!



Kristófer Fannar : Passaðu löppina marr!



Magnús Örn : Neinei alltíla sko!





Nína Dögg : iiiiii



Ólafur: Núna er ég alveg brjálaður



Rákel Rós : Hvar eru spilin ?



Sandra Sif : Fáðu ekki taugaáfall, skjóttu þig í tánna og hringdu collect í 118



Sandra Ösp : Hva meinar' u ?



Sigurður Gísli : Aafhverju ?



Siguróli : Hvað vantar þér mikið ?



Stefán Henry : Ég er ekki á sterum



Sveinbjörn : Alveg eins og í boxinu.



Vigdís Karen : HAHA, nei djók!



# Sæl og Blessuð

Þegar þetta er skrifað erum við frændurnir staddir í Sydney, hinum megin á hnettinum (Ástralíu ef þú kveiktir ekki alveg á þerunni, ekki allir jafn sleipir í landafræðinni og við :) hehe) Ferðin hingað til er búin að vera frábær svo vægt sé til orða tekið. Það sem við erum búnir með hingað til er: Ísland-Danmörk-Atlanta-San Francisco-Los Angeles-Las Vegas-Nýja Sjáland enda á milli-Melbourne og svo núna erum við staddir hérna í Sydney. Erum búnir að skemmta okkur konunglega. Bandaríkin voru fín oft á tíðum, Nýja



Sjáland geggjað og svo erum við búnir að njóta hitans og hafa það gott hérna í Ástralíu. Fljúgum svo til Singapur eftir viku, þaðan til Thailands og svo til Englands til að enda ferðina á Arsenal-Bolton :) Það var alltaf draumur minn að fara í svona reisu, síðan í 9-10 bekk og þegar ég ákvað að fara var Binni ekki lengi að fleygja sér með mér. Það er þó ekki svo auðvelt að maður stökkvi bara upp í flugvél og haldi af stað. Maður þarf að huga að ýmsu. T.d. hvert maður vill fara og hversu lengi og spara peninga (þeir eru góður ferðafélagi skal ég segja ykkur). Viljið þið vinna í hinum ýmsu löndum eða bara skemmta ykkur (eins og við tveir), redda vegabréfunum og sprautunum og öllu hinu. Í rauninni hafa grófa (samt góða) áætlun um ferðina alla og hafa efni á því sem þið viljið. Samt ekki of góða áætlun, skemmtilegra að leyfa sumu bara að ráðast þegar að því kemur. Það er líka mjög mikilvægt að fara í svona með opinn huga, vera til í að prufa nýja hluti, kynna nýju fólk, aðlagast menningu annarra og síðast en ekki síst, losa sig úr þægindunum frá „Hóteli Mömmu og Pabba“. Þegar þetta er allt komið og maður er svo loksins ferðbúinn, þá er ekkert sem jafnast á við þetta. Vitandi að næstu mánuðir fara í endalaus skemmtun víðs vegar um heiminn, gerandi allt sem manni hefur alltaf dreymt um og upplifa allt gjörólíkt Íslandinu góða, æðislegt!

Við höfum til dæmis komist á Rauða dregilinn í Hollywood, setið í rútu með alls konar óþverralýð og þar á meðal gaur sem var búinn að vera frjálst úr fangelsi í 2 tíma. Séð miðaldra fólk röltandi með snæri í sprellanum (og það var það eina sem hann hafði utan á sér), farið í rafting niður hæsta rafting foss í heimi, farið í Jay Leno, synt með selum alveg upp við okkur og svo ótalmargt að ég gæti skrifað í marga daga um það. Það má bara gera ráð fyrir öllu í svona ferð því þetta er svo svakalegt ævintýri, algjörlega. Og vitandi að við eigum ennþá helling eftir er mjög góð tilfinning því við erum ekki tilbúnir að koma heim strax :)

En alla vega, þá mæli ég með þessu við alla sem hafa áhuga á að ferðast. Þetta er miklu meira en 2 vikur á Mallorca eða eitthvað þannig. Þetta er alvöru keppnis ferð :) Þannig að ef ÞÚ hefur einhvern möguleika á þessu láttu vaða, ekki einu sinni hugsa þig um tvisvar! Lofa að þú sérð ekki eftir því.

Til að fá snefil af okkar ferð þá getið þið kíkt á síðuna okkar: [www.turisti.bloggar.is](http://www.turisti.bloggar.is) Þar er allt um ferðina okkar og sagan er ítarleg þar. Sérð ekki eftir þeim lestri :)

**Bestu kveðjur heim, góða skemmtun á árshátíðinni.  
Helgi Karls og Brynjar Mar**



# Framtíðarspá

**Andri Þór Ólafsson** hættir í Kaskó strax eftir grunnskólann og ákveður að láta æskudraum sinn rætast og fara til Mongólíu í sumarfrí. Honum líkar svo vel þar að hann ákveður að stofna Kaskó búð í Mongólíu og verður þrusu milljónamæringur. Síðan fær hann leið á Mongólíu eftir rúmlega 20 ára dvöl og ákveður að flytja á Bæjarsker á Stafnesi og stofnar sameiginlegan búskap með bestu frænku sinni Hjördísi.

**Anna Malena Rós Kristinsdóttir** mun fara til Ástralíu í skóla og gerist dýralæknir og mun stofna dýrabúð sem verður einungis fyrir púddluhunda, en hún stoppar stutt í þessum bransa og fjölskyldan hennar tekur við rekstinum. Hún fer í listaháskóla í Frakklandi og gerir það gott og verður ofur rík.

**Axel Birgir Gústavsson** hann mun fara í kvikmyndabransann í Hollywood og framleiða margar góðar myndir á borð við „The Second” Eftir að hafa framleitt hundruðustu James Bond myndina segir hann upp og flytur til Mars með konunni sinni og börnum

**Ásgeir Þór Ásgeirsson** eignast konu og opnar sitt eigið bakarí, Geirabakarí. Hann ákveður dag einn að fara í heimsreiðu og leita af hetjunni sinni 2Pac. Hann kemst að því að hann er dáinn og þá flytja þau til Bolungarvíkur og stofna þar smokkafyrirtæki, Gæða-Geira smokkar.

**Ásta Laufey Sigurjónsdóttir** hún á eftir að stofna nuddstofu og safna hári en ef hún gerir það ekki þá á hún eftir að vera heimsmeistari í boxi og giftast Silvester Stallone. Með honum á hún eftir að eiga 5 litla Stallone'a og á eftir að opna Box-skóla Ástu Stallone í Sandgerði og í kjölfar þess á eftir að opna safn um Rocky Balboa í Fræðasetrinu.

**Ástrós Eva Gunnarsdóttir** fer eftir útskriftina til Spánar og kaupir sér flott hús með Eðvaldi og eftir langan tíma þar mun hún ákveða að stofna fyrirtæki sem mun heita „Sitthvorir sokkar” ehf. Spánverjunum mun ekki líka þessi framleiðsla svo að hún flytur aftur til Íslands og fer að vinna í Eden. Svo munu þau Eðvald eignast strák sem þau skíra Bóbó Arnar Eðvald Smith.

**Ástrós Lind „ráðhildur” Þórðardóttir** verður mjög frægur fatahönnuður. Ástrós á eftir að búa til sína eigin fatalínu. Hún hættir að vinna klukkan 4 á hverjum degi og fer heim að horfa á Beverly Hill 90210. Hún mun eignast 3 börn og giftist draumaprinsinum!

**Bergur Theodórsson** á eftir að eignast rauðhærða danska konu og eignast 5 dönsk, rauðhærð börn. Hann mun verða atvinnuflugmaður og starfa hjá SAS en hans aðalstarf verður skjaldbökurækt. Hann mun eiga útúr pimpaðan bimma með einkanúmerið „Lolcon”.

**Birnir Jarl Eyjólfsson** verður DJ í Garðinum en eftir 5 ár verður hann kominn með leið á því og ákveður að fara að læra sálfræði. Hann kemst langt í því og verður sálfræðingur og algjör milli. Eftir 10 ár verður hann kominn með leið á þessu og fer að vinna í fiski í Sandgerði. Hann deyr sem piparsveinn.



# Framtíðarspá

**Bryndís Jenný Kjærbo** fer að skólaári liðnu í framhaldskóla og síðan í háskóla og eftir það flytur hún til London og eignast 5 börn en verður ennþá kölluð Brynka. Hún verður prófessor í Harvard í kynjafræði og lifir góðu og hamingjusömu lífi. Árið 2020 uppgvötvar hún háreyðingarkrem þar sem hárin koma aldrei aftur og verður goðsögn um allan heim

**Dagmar Þráinsdóttir** á eftir að vera frægur fótboltasnillingur og spila með Manchester United og öll hin liðin eru ólm að fá hana í sitt lið. Hún mun búa í stórrí höll nálægt Old Trafford. Þegar hún neyðist til að hætta í boltanum mun hún taka við þjálfarastarfinu af Alex Ferguson. Svo þegar hún er orðin alltof rík flytur hún aftur heim á klakann og byrjar að deita Arnar Gunnlaugson. Retro-veldið verður frægt um allan heim og þau verða ægilega

**Elmar Örn Sævarsson** á eftir að reka Limmósínu þjónustu og þénar mikið á því. Hann finnur sér fallega konu sem að reynist alger norn og hefur af honum alla peningana. En hann á eftir að opna annað fyrirtæki sem kallast Ölgerð Elmars Sævarssonar og græðir hann vel á því. Hann er alltaf góður sko.

**Elva Kristín Sævarsdóttir** eftir Grunnskólann stofnar hún sína eigin sjónvarpsstöð og stjórnar sínum eigin þætti sem kallast „Cinderella Story's”. Hún flytur til Indlands og giftist Leonardo DiCaprio og þau eignast 4 börn sem verða dekurrorfur enda vita þau ekki aura sinna tal. Þau flytja svo til Íslands þá lærir hún Hjúkrunarfræði sem henni einni er lagið. Þau munu búa á flotta bóndabænum hans Baltasar Kormáks sem er sá allra flottasti.

**Eva Dís Ottesen** : Já hún Eva, Eva, Eva mun vaða í strákum í langan tíma en þegar hún fer til Nýja-Sjálands sér hún alveg rosalegan fallegan strák sem er vísindamaður og er nýbúinn að finna upp lyfið við raddleysingu og giftist hún honum. Síðar verður hún fræg söngkona með smellin „she fall's down the stairs” og fær hún Nóbels-verðlaunin fyrir tónlist.

**Hannes Kristinn Kristinsson** mun verða forstöðumaður í lögreglunni og heimavinnandi húsmóðir. Hann mun eignast 13 börn með Guðbjörgu á 11 árum, 5 stykki tvíbura og 3 (ein) stök. Þegar hann kemst á 65 ára aldurinn eignast hann svo 1 barn í viðbót. Hann fer snemma á eftirlaun hjá löggunni og fær sér vinnu á Subway.

**Helga Kristína Hlynisdóttir** fer í eitt ár í framhaldsskóla og eignast síðan einn sveitakall og verður yfir sig ástfangin af honum og þau flytjast út til Afríku og stofna fyrirtæki sem heitir „Vantar þér maur”? Hún græðir heilmikið á því en er ekki að fíla það þarna í Afríku og flyst aftur til Íslands og þau búa á sínum sveitabæ til æviloka.

**Hjördís Ósk Hjartardóttir** ákveður eftir grunnskólann að flytja upp í Tungur og stunda fjarnám við FSU þar sem draumaprinsinn hennar hann Árni er. Þau skötu hjú munu sjá um sjoppuna í Tungunum en eftir 5 ár í þeim rekstri skilar það ekki nógum hagnaði og því skilja þau eftir erfiðar deilur. Hjördís flytur aftur í gamla húsið sitt á Stafnesveginum og fer að bera út Fréttablaðið svo það sé öruggt að hún fái það heim til sín. Síðan 15 árum seinna flytur Andri í húsið við hliðina á og þau græða mikið á sameiginlegum búskap og Andri verður rollan í sambandinu.



# Framtíðarspá

**Kolbrún Sunna Eiðsdóttir** mun að 18 ára aldri flytja með Ómari til Los Angeles og tekur hún þátt í American Idol. Þar sem Simon líkar svo vel við hana og heillast af hlátrinum hennar fer hún beint á plötusamning. Þegar hún er orðin heimsfræg ákveður hún að taka sér smá pásu og fer að huga að börnunum. Hún eignast sinn fyrsta strák og ákveða hún og Ómar að hann eigi að heita Simon. Hún snýr sér ekki aftur að tónlistinni og flytur til Íslands þar sem hún fær vinnu við að skemmta fólki á Sólheimum.

**Kristófer Fannar Axelsson** mun verða rallykrossmeistari í framtíðinni, 2 ár í röð. Fimm árum seinna giftist hann spænskri skvísu og eignast þau 10 börn. Hann mun opna þrjá íslenska veitingastaði á Spáni þar sem aðalrétturinn mun vera Kjötsúpa. Konan hans fer að fjöldaframleiða íslensku-lopapeysuna í spænskum stíl.

**Magnús Örn Hlööversson** mun verða eigandi Blizzard og vinnur WOW sem á að vera ómögulegt. Hann mun finna sword of thousand truth. Þar sem það er staðsett í geymslunni í Blizzard þar sem öll WOW sverðin eru bönnuð. En hann finnur sverðið og setur það í leikinn. Svo kemst hann í level sem enginn vissi að væri mögulegt, level 1001 og þá verður hann búinn að vinna leikinn með left hand og verður milljónamæringur og giftist undirfatafyrirsætu.

**Nína Dögg Petersen** verður prófessor í stjórnufræði, en eftir 10 ár verður hún leið á því og ákveður að vera módel. Hún verður frægari en Kate Moss og giftist Orlando Bloom og þau eignast 2 falleg módel börn og lifa hamingjusöm til æviloka.

**Ólafur Kristinsson** heldur sig við björgunarsveitina. Hann verður heimsmeistari í sigi en honum gekk rosalega vel að síga á Vík. Hann mun síga mörg hundruð metra niður kletta og gil. Seinna hættir hann siginu og ákveður að fara í kappakstursbransann og gerir það að atvinnu. Það gekk ekkert svo vel af því að bróðir hans Sverrir fer að vinna hann og að lokum fer hann og býr í Úganda til æviloka.

**Rakel Rós Ævarsdóttir** heldur ekki áfram í skóla heldur fer að þrifa klósett á flugvællinum í Los Angeles. Eftir að hafa unnið þar í 5 ár og hafa þrifið mikið hland býðst henni módel samningur. Janice Dickenson hafði komið inn til að nota klósettið og séð hversu vel vaxin hún væri. Síðan giftist hún Adam Brody og þau eignast 7 börn.

**Sandra Sif Svavarsdóttir** á eftir að vera flugfreyja í einkapotu fyrir fræga og þar hittir hún Brad Pitt og stingur undan Angelinu Jolie. Þau eiga eftir að flytja á LongBeach og eiga fullt af flottum bílum og einn bolabít.

**Sandra Ösp Eyjólfsdóttir** mun verða úrsmiður og opnar sína eigin skartgripaverslun í Sandgerði sem þá verður orðin höfuðborg Íslands. Hún mun kaupa hlutabréf í Apple og stórgræða á því. Síðan fær hún bleikt æði og ekkert er nógu gott nema það sé bleikt., hún verður þekkt „the pink woman“.



# Framtíðarspá

**Sigurður Gísli Guðnason** mun stofna tölvufyrirtæki sem er stærra en Microsoft og verður ríkari en Bill Gates. Sigurður mun vinna Armstrong í hjólreiðum. Hann verður svakalegt party-ljón og verður fjör að koma í party til hans því hann verður með „pöbb“ í kjallaranum.

**Siguróli Valgeirsson** hættir í skóla um leið og grunnskóla lýkur og stofnar sitt eigið spilavíti sem kallast SÁPA sem er stytting á „Siguróli á peninga alltaf“. Fyrst verður það í kjallara foreldra hans en síðan flyst það upp á Vatnajökul og verður stærsta spilavíti í Evrópu. Síðan fær hann tilboð frá jólasveininum um að byggja spilavíti á Norðurlandinu ef Sveinki fær 10% af ágóðanum. Siguróli tekur tilboðinu en Sveinki greyð fær aldrei sín 10%. Á endanum tapar hann aleigunni þegar hann spilar póker við jólasveininn, tannálfinn og páskakanínuna. Hann giftist Tyru Banks og þau eignast tvö börn.

**Stefán Henry Ólafíuson** mun fara í Húsmæðraskólann eftir 10. bekk og útskrifast þaðan með dúx einkunnir í þvotti, hreingerningu og bleyjuskiptum sem mun reynast honum dýrmætt þegar hann reynir að verða næsta Mary Poppins. Ekki gengur það upp hjá honum þannig að hann snýr bakinu við í barnfóstrudraumnum og ákveður að gerast melludólgur. En þar sem að umboðsmaður kemur auga á hann gerist hann nærfatafyrirsæta og giftist draumastúlkunni sinni.

**Sveinbjörn Ólafsson:** Jæja, Svenni litli krúsímús mun verða gítarleikari í heimsfrægu hljómsveitinni Pantera og uppistandari í frístundum sínum í Hollywood. Hann mun komast á fast með frægri leikkonu í hans hæð en endar svo á elliheimili úreltra tónlistamanna þar sem hann á eftir að sitja alla daga og segja brandara um tómata sem enginn nema hann sjálfur hlær að.

**Vigdís Karen Hafþórsdóttir** á eftir að opna fatatískuverslun og meika það feitt með íslenska bikiniinu en þá verður orðið leyfilegt að nota íslenska fánann að vild. Hún hannar fót fyrir konur með flotta rassa. Hún verður með góðum og ríkum manni þau munu eignast fullt af börnum.



# Dr. Bergur Theó

## Kæri Bergur

Getur einhver sagt mér hvað ég á að gera við sjálfan mig? Þannig er nú mál með vexti að ég er að bugast af lífinu. Ég er eiginlega hættur að nenna að mæta í skólann vegna þess að ég er alltaf pirraður og ríf bara kjaft við þá sem eru að leiðbeina mér. Ég er búin að loka á eiginlega alla vini mína og kærastan mín er bara þrautin ein. Mér finnst hún aldrei gera neitt rétt. Svo er ég farin að loka mig alveg af. Er alltaf bara einn inni herbergi og vil bara vera þar. Tek eina svefntöflu og reyni að sofa. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Er búin að tala við lækni og það var eins og að tala við vegginn.

**Svar :** Ég mæli með því að þú farir niður í BT, kaupir þér dvd spilara og James Bond safnið og þá hefur þú eitthvað að gera um páskana. Síðan ættiru að ákveða það bara fyrir sjálfan þig að verða ekki pirraður eða reiður út í aðra. Um leið og þú ferð að vera skemmtilegur og jákvæður við aðra fara aðrir að verða skemmtilegir við þig til baka. Þetta er Gullna Reglan. Það er fullkomlega venjulegt að þör rífast og séu ósátt út í hvort annað. Ef þetta gengur ekki upp hjá ykkur mátt þú senda henni símanúmerið mitt. Gangi þér vel. Kv. Bergur

## Kæri Bergur

Ég er búin að vera þæla mikið í þegar strákar eru að þæla í stelpum og sofa strax hjá þeim. Minnkar þá áhuginn á stelpunum af því að þeir hafa „fengið það sem þeir vilja“ og hafa ekkert til að bíða eftir? En svo aftur á móti þegar strákar eru búnir að bíða of lengi eftir stelpum þá einfaldlega gefast þeir upp. Gildir það sama þegar það gerist of fljótt? Ég veit að þetta er alls ekkert algilt og það eru margir sem hugsa alls ekki svona en er þetta bara ekki í eðlinu? Ég vil fá að vita hvað þeim finnst í alvöru um. Hvort ætli vandamálið sé áhugaleysi eða einfaldlega það að stelpur taka þessu of alvarlega? Og þá er ég að meina þegar stelpur sofa hjá strák sem þær eru nýbúnar að kynnast og vilja svo meira en strákurinn er meira sama hvort það gerist eitthvað meira eða ekki? Ég hef spurt marga stráka í kringum mig að þessu og flestir svara að það fari eftir því hversu mikill áhuginn er en aðrir segjast missa áhugann ef þeir fá allt strax! En spurningin er þá, hvenær er rétti tíminn?

Kv. Hr. Tillitsamur

**Svar :** Það er ómögulegt að segja hvenær rétti tíminn er fyrir hvern og einn. Það er enginn tímaskali sem sýnir hvenær þið eruð tilbúin. Þú ættir nú að bíða einhvern tíma svo að þú getir fullvissað sjálfa þig um að þú sért tilbúinn. Ef þú lendir á séns getur þú svo líka sent dömumni símanúmerið mitt og ég get athugað hvort hún sé í lagi.

Kv. Bergur



# Dr. Bergur Theó

Kæri Bergur

Vinkona mín sagði við mig að hún ætlaði aldrei að tala við mig aftur ef ég myndi byrja með ákveðnum strák. Hún sagðist ætla að hætta að tala við mig og vill ekkert meira með mig hafa. Ég er ofboðslega sár því hún er búin að vera besta vinkona mín síðan við vorum þínu litlar. Hvernig get ég leyst þetta án þess að særa neinn?

Kv. ein ringluð

Svar

Kæra frú Ringluð. Þú getur sagt við vinkonu þína að hún er sjálfselek ef hún segir þetta. Þetta eru þínar tilfinningar og ef þú ert hrifinn af honum og hann hrifinn af þér ættir þú að vera með honum. Hún er ekki góð vinkona ef hún segist aldrei ætla að tala við þig ef þú byrjar með honum. Kannski ættir þú að finna þér vini sem virða þig meira og skilja tilfinningar þínar. Ég er ekkert að gefa skít í vinkonu þína en ég meina sorry hún er no good. Ég er samt á lausu ef þú hefur þú ákveður að byrja ekki með þessum dúdda.

Kv. Bergur


A  
f  
m  
æ  
i  
s  
b  
ö  
r  
n

## Febrúar

Ásgeir Þór Ásgeirsson - 11 febrúar  
Magnús Örn Hlökkversson - 19 febrúar  
Sara Ósk Samómons dóttir - 19 febrúar  
Sigurður Gísli Guðnason - 22 febrúar  
Björn Óskar Tryggvason - 23 febrúar

## Mars

Helga Kristína Hlynsdóttir - 4 mars  
Óðinn Már Óskarsson - 4 mars  
Nevena Gagic - 5 febrúar  
Ingunn Sif Axelsdóttir - 9 mars  
Sandra Sif Svavarsdóttir - 8 mars  
Svanbjörg Kristín Júlíusdóttir - 10 mars  
Birni Jarl Eyjólfsson - 13 mars  
Sandra Ösp Eyjólfsdóttir - 13 mars  
Ágústa Ragnheiður Pálsdóttir - 23 mars  
Elmar Örn Sævarsson - 26 mars  
Monika Mazurek - 31 mars





# Hvernig á að falla á prófi

- \* Fáðu eintak af prófinu, hlauptu svo út úr stofunni öskrandi "loksins!! loksins!!"
- \* Ef þetta er stærðfræðipróf, svaraðu í löngum setningum... ef þetta er ritgerðarpróf, svaraðu í tölum
  - \* Gerðu pappírsskutlu úr prófinu og miðaðu á kennarann
- \* Talaðu alla leið í gegnum prófið! Lestu spurningarnar upphátt og farðu svo að rífast við sjálfan þig hvert rétta svarið skyldi vera. Ef þú ert beðin um að hætta, segðu "jújú, og þú getur bara heyrt mig hugsa" ...
  - \* Eftir svona 5mín af prófinu... kallaðu þá á kennarann "hvað er þetta?? ég hef mætt í tíma alla önnina og ég skil ekkert í þessu!!! og hver ert þú eiginlega?!?"
  - \* Neitaðu að svara spurningum... t.d. ég neita að svara þessari spurningu því hún skarðast á við trúarbrögð mín!!
  - \* Hlauptu inni stofuna þegar prófið er rétt byrjað... segðu við kennarann "þeir fundu mig... ég verð að flýja land!" og hlauptu út aftur!
- \* Eftir svona 5mín af prófinu, stattu upp, ríðu það niður í pínulitla búta og hentu uppí loftið og öskraðu GLEÐILEG JÓL!! ....biddu kennarann um annað próf og segðu að þú hafir tynt hinu...
- \* Skrifaðu svörin með vaxlitum eða vatnsmálningu
- \* Mættu í prófið í sandölum, baðslopp og með handklæði á hausnum.
  - \* Fáðu alltíeinu kast af Tourette's Syndrome í miðju prófi...
- \* Svaraðu prófinu á einhverju öðru tungumáli! ... ef þú kannt ekki annað tungumál, gerðu þitt eigið tungumál!!
  - \* Strax og kennarinn lætur þig fá prófið... éttu það!
- Komdu með heilt kvikmyndatökulið með þér og segðu að þú viljir taka prófið upp!
- Á 5 mínútna fresti, taktu saman allt draslið þitt, sestu annarstaðar og haltu áfram að taka prófið
  - \* Fáðu prófið, eftir tíu mínútur, dúndraðu prófinu í borðið þitt, öskraðu "til andskotans með þetta próf!!" og labbaðu hetjulega út!
  - \* Fáðu fólk til að mótmæla prófinu... (með spjöldum og alles)
  - \* Vertu endalaust að segja hversu sexý kennarinn er þennan daginn!
- \* Taktu með þér vatnsbyssu
  - \* Mættu klæddur í riddarabúning! ....með sverð og skjöld!
- \* Þegar þú labbar inn... kvartaðu yfir hitanum... strippaðu
- \* Reyndu að fá sessunautana til að gera "bylgju"



# Heiða í Unun

**Hvað heitiru fullu nafni?**

Ég heiti Ragnheiður Eiríksdóttir.

**Hvað ertu gömul?**

Ég er 36 ára (nýorðin), fædd 1971.

**Hvaðan kemur þú og hvar býrðu núna?**

Ég fæddist í Hafnarfirði og bjó með foreldrum mínum í Reykjavík til 9 ára aldurs en afi og amma bjuggu í Keflavík, þar að segja pabbi og mamma hans pabba. Þegar ég var 9 ára fékk pabbi vinnu í Keflavík þannig að við fluttumst til Keflavíkur. Svo

enduðu mamma og pabbi og afi og amma á því að skipta á húsum þannig að þá bjó ég á æskuheimili pabba míns.

**Ertu í sambúð?** Já, ég er skráð í sambúð og á eitt barn.

**Fórst þú í framhaldsnám?** Já, ég er ekki búin að ljúka samt öllu því framhaldsnámi sem ég kem til með að gera. Ég kláraði stúdentspróf frá FS og svo kláraði ég BA í heimsspeki frá Háskóla Íslands. Svo var ég komin eitthvað á veg með að klára meistaranám í heimsspeki líka en ég hef ekki tíma til þess að gera það núna. Ég ætlaði að gera það í ár en það er bara ógurlega mikið að gera hjá mér þannig að kannski verður það á þessu ári eða næsta.

**Hvenær byrjaðir þú að syngja?**

Ég held að ég hafi byrjað alveg 3 ára. Ég var 16 ára þegar ég byrjaði í hljómsveit og svo var ég í daldið mörgum svona bílskúrshljómsveitum hér í Keflavík og svo úti Frakklandi þegar ég bjó þar í eitt ár. Allar þessar hljómsveitir fóru í stúdíó og tóku upp eitthvað smá en svo var það ekki fyrr en ég kom fram sem gestasöngkona með hljómsveitinni Texas Jesús frá Keflavík að gefin var út plata. Svo var ég sjálf bara sem Heiða trúbator, bara með kassagítar að spila útum allt. Ég kom á einhverri safnplötu en í framhaldi af því heyrði Gunnar Hjálmarsson, kallaður Dr. Gunni, í mér og bauð mér að koma í Unun.

**Manstu eftir nöfnunum á fyrstu hljómsveitunum?**

Já já, fyrsta hljómsveitinn sem ég var í, sem var stofnuð í hér í Keflavík, var með Sverri Ásmundarsyni, Bergi Sigurðssyni og strák sem heitir Sturla, en ég man ekki hvers son hann er. Þessi hljómsveit hét Candyman svo tókum við þátt í Músíktíraunum og urðum að hafa nafnið á íslensku og breyttum við þá nafninu í Útúrdúr. Síðan var ég í hljómsveit sem hét Maatmons, en það er eftir eina virka eldfjallinu á plánetuni Venus. Svo var ég í einni hljómsveit sem heitir Sogkoss. Það er svona ísraelska útgáfan af samyrkjubúi. Ég held að ég hafi aldrei samið nafn sjálf, alltaf einhverjir strákar.

**Spilaru á hljóðfæri?**

Já ég spila á gítar og svo hef ég nú spilað á hljómborð og bassa uppá síðkastið og trommur því í hljómsveitinni sem ég er núna í, Hellvar, erum við frekar mikið að skiptast á.

**Semuru mikið sjálf?** Já mjög mikið. Og hef gert síðan ég síðan ég byrjaði að spila á gítar. Þá var ég 16 ára.

**Við hvað starfaru núna?** Bara í nokkrar vikur í viðbót mun ég starfa uppi í útvarpi sem dagskrárgerðakona og svo reyndar hef ég verið að skrifa plötudóma fyrir Moggann, svona í hjáverkum, og svo verð ég í framboði fyrir Vinstri Græna frá 15 mars til 15 maí.





### Eru þið að spila reglulega?

Já við spilum alveg öðru hvoru, samt ekki nóg fyrir okkur og það er eitthvað sem við verðum að fara að vinna í. Við spilum í FS fyrir nokkrum vikum. Það var ógeðslega gaman!

### Hvernig líður þér að koma fram á sviði fyrir framan fullan sal af fólki?

Ef mér fyndist það rosalega óþægilegt, þá held ég að ég væri ekki að gera þetta núna í dag. Það eru 20 ár síðan ég kom fyrst fram. Fyrsta skiptið sem ég kom fram var ég skíthrædd. Þá leið mér bara eins og ég væri að fara til læknissins, já, þannig leið mér fyrst á einhverri hljómsveitarkeppni sem við tókum þátt í með Candyman og þá var ég alveg stjórn en í dag þá er þetta svona eins og maður gerir þegar maður er að fara að halda ræðu eða eins og maður er að koma fram í hvaða list sem er. Það er svona pínulítill spenningur en ef maður er vel undirbúinn þá er það bara skemmtilegt.

### Myndiru fara í gullgallanum út á djammíð?

Ég held ekki nema að það sé alveg sérstakt tilefni en ég myndi hinsvegar alveg nota hann ef það væri myndataka eða eitthvað svoleiðis í gangi.

### Hvernig finnst þér um að Eiríkur sé að fara út fyrir Íslands hönd í Evróvisjón?

Mér finnst það frábært. Ég hélt með tveimur lögum fyrir utan lagið okkar „Ég og heilinn minn“ en þau voru „Ég les í lófa þínum“ með Eiríki og svo fannst mér alveg frábært lagið sem hann Hafsteinn söng en það var lagið „Þú tryllir mig“. Ég var búin að segja það að ef annað lagið myndi vinna þá myndi ég líklega ekki fara að gráta. Ég hefði ekki verið eins glöð ef ég hefði lent í öðru ef að við hefðum lent í öðru sæti, það hefði bara verið eiginlega ennþá verra en ég er fegin að við þurftum ekki að fara þarna upp. Við gerðum okkar besta. Það er örugglega erfitt að vera í öðru sæti.

### Hefurðu einhverntíman tekið þátt í Söngvakeppni Evrópska sjónvarpsstöðva áður?

Já ég hef einu sinni tekið þátt í Evróvisjón áður og það var með lag sem ég samdi, við texta vinar míns Þorkells Símonarsonar. Það heitir Tango og var það árið 2003 (frekar en 2002) og þá lentum við í fjórða sæti í úrslitunum.

### Hvernig tónlist hlustaru á?

Ég hlusta á rosalega mikið, þannig að í staðinn fyrir að koma með upptalninguna sem ég held að sé alveg rosalega löng þá ætla ég bara að segja það sem ég hlusta ekki á. Þannig ég segi bara að ég hlusta ekki mikið á óperur og ég hlusta ekki á nútíma kántrý. Ég hlusta á gamallt kántrý og black metal, þunga rokk, pönk, klassíska tónlist og þjóðlaga tónlist. Bara ekki óperur og nútíma kántrý.

### Áttu bíl?


Já, heyrðu ég keypti minn fyrsta bíl núna í fyrra. Rauðann Toyota Corolla.

Hver er uppáhalds liturinn þinn? Ég á ofboðslega marga uppáhalds liti. Það fer eiginlega eftir árstíðum. Nýji uppáhalds liturinn minn er himinn blár. Hinsvegar hefur rauður verið uppáhalds liturinn minn mjög oft. Og Svartur líka. Stundum tek ég tímabil sem ég verð að vera í svörtu.

### Kók eða Pepsi?

Dr. Pepper.






**A. PÁLSSON**

Sími 824 1060



Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins



SpKef  
100

1907-2007

[www.spkef.is](http://www.spkef.is)

# Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins

NÝ-VÍDD  
-listasmiðja



**SANDGERÐISBÆR**

**Flug  
Fiskur**

Shellskálinn Sandgerði  
Pulsur, ís gos, sælgæti og  
allar nýjustu myndirnar.  
S: 423-7650

Fúsi ehf.

Fimir Fingur  
Hársnyrtistofa  
Vitatorgi  
245 Sandgerði  
S : 423-7210



**SKINN**  
**fiskur ehf**



Spes  
Hár-snyrti-og nuddstofa  
Suðurgötu 10  
245 Sandgerði